

2009

Áfram veginn



Áfram veginn

- upplýsingarit fyrir
eldri borgara

Útgefandi:

Tryggingastofnun ríkisins
Laugavegi 114,
105 Reykjavík

Tölulegar upplýsingar í
þessum bæklingi miðast
við janúar 2009.

Prentun:

1. útgáfa nóvember 1999
2. útgáfa maí 2000
3. útgáfa janúar 2002
4. útgáfa júní 2003
5. útgáfa mars 2004
6. útgáfa mars 2005
7. útgáfa apríl 2006
8. útgáfa júlí 2007
9. útgáfa apríl 2008
10. útgáfa apríl 2009

Velkomin í Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar Íslands

Í þjónustumiðstöðinni á Laugavegi 114 í Reykjavík og hjá umboðum um allt land (sjá bls. 34) taka þjónusturáðgjafar á móti viðskiptavinum og upplýsa þá um réttindi þeirra. Tekið hefur til starfa ný stofnun sem sér um kaup á heilbrigðisþjónustu fyrir hönd hins opinbera, Sjúkratryggingar Íslands. Næstu misseri verður þjónusta Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands sameiginleg. Því hafa þessar breytingar ekki áhrif á þjónustu og ráðgjöf. Starfsfólk Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga leggur metnað sinn í gott viðmót í samskiptum við viðskiptavini.

Eftirfarandi þjónustuleiðir eru í boði:

- Senda fyrirspurn í tölvupósti á tr@tr.is
- Fara á þjónustuvefinn www.tryggur.is (sjá nánar á bls. 6)
- Hringja í síma 460 4400, grænt endurgjaldslaust númer 800 6044 eða til umboða um allt land (sjá bls. 34)
- Eiga netsamtal á vefsíðunni www.tr.is
- Heimsækja þjónustumiðstöð á Laugavegi 114 í Reykjavík eða umboð á landsbyggðinni (sjá bls. 34)

Sækja þarf um allar greiðslur hjá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum. Eyðublöð umsókna má nálgast á vefnum www.tr.is, í þjónustumiðstöðinni og hjá umboðum um land allt. Á vefsíðu Tryggingastofnunar er enn fremur að finna reiknivél sem reiknar út ellilífeyrisgreiðslur almannatrygginga.

Verið velkomin.

Starfsfólk Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands

Efnisyfirlit

Velkomin í Tryggingastofnun og Sjúkratryggingar Íslands	3
Tryggur sparar sporin	6
1. Lífeyristryggingar.....	7
Að fá ellilífeyrisgreiðslur í fyrsta skipti	7
Upplýsingaskylda.....	8
Greiðsluáætlun	8
Tekjuáætlanir	8
Endurreikningur og uppgjör.....	9
Greiðslutegundir og reglur um meðferð tekna	9
Bifreiðamál eldri borgara	11
2. Vistun á dvalar- og hjúkrunarheimilum	12
Vistunarmat.....	12
Dvalarkostnaður.....	12
Áhrif á lífeyrisgreiðslur.....	13
Meðferð tekna	14
Vasapeningar	14
Dagpeningar utan stofnunar	14
Réttindi við andlát maka.....	15
Lífeyrisréttindi frá öðrum löndum	15
Umsókn um lífeyri frá EES-löndum og Sviss	15
Umsókn um lífeyri frá öðrum löndum en EES	16
Erlendar tekjur	16
Félagsleg aðstoð	16
3. Skattamál.....	17
Skattskyldar greiðslur.....	17
Skattaívilnun	17
Skattkort	17





4. Sjúkratryggingar	18
Læknishjálp	18
Lyf.....	18
Næring og sérfæði	18
Hjálpartæki	19
Heyrnartæki og önnur hjálpartæki vegna heyrnarskerðingar	19
Tannlækningar	20
Greiðslur fyrir lækniþjónustu og heilsugæslu.	22
Sjúkra-, iðju- og talþjálfun	24
Ferðakostnaður innanlands	24
Sjúkradagpeningar	24
5. Slysatryggingar.....	25
6. Sjúklingatrygging	25
7. Réttindi hér á landi og erlendis	26
Búseta erlendis – Innan EES og Sviss.....	26
Utan EES og Sviss.....	26
8. Flutningar til Íslands	27
Frá EES-löndum og Sviss.....	27
Frá löndum öðrum en EES-löndum og Sviss.....	27
Ferðalög erlendis.....	27
9. Úrskurðarnefnd almannatrygginga	29
10. Hagnýtar upplýsingar	29
Húsnæði og þjónusta	29
Heilbrigðisþjónusta og félagsleg úrræði	30
Félagstarf og hagsmunasamtök	31
Fjármálaþjónusta	32
11. Þjónusta Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands.....	34

Tryggur sparar sporin

Á þjónustuvefnum www.tryggur.is er greiðsluáætlun lífeyris fyrir allt árið, þar er hægt að breyta og skila inn tekjuáætlun og sækja mánaðarlega greiðsluseðla. Á vefnum er jafnframt auðvelt að skoða með bráðabirgða-útreikningi hvaða áhrif ýmsar mögulegar breytingar hafa á greiðslur. Þar má einnig sjá yfirlit tengd sjúkratryggingum, t.d. vegna afsláttarkorta.

6

Tryggur er einföld, þægileg og fljótleg þjónustuleið sem sparar sporin.

Farið er á innskráningarsíðu með því að fara á vef Tryggingastofnunar (www.tr.is) og smella á borða á forsíðunni sem er merktur Trygg. Einnig er hægt að skrá sig inn á vefinn með því að nota slóðina www.tryggur.is. Við innskráningu þarf að slá inn kennitölu og veflykil ríkisskattstjóra – þann sama og notaður er við framtalsgerð. Ef veflykil vantar er sótt um hann á vefnum www.skattur.is, en það er þjónustuvefur ríkisskattstjóra. Hægt er að fá veflykilinn sendan í heimabanka eða heim með pósti.

Ef spurningar vakna eru ráðgjafar í þjónustumiðstöð og umboðum tilbúnir að aðstoða.





1. Lífeyrstryggingar

Í þessum kafla er fjallað um ellilífeyri og tengdar greiðslur sem Tryggingastofnun greiðir samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð. Þeir sem ákveða að hefja töku ellilífeyris geta í mörgum tilvikum einnig átt rétt á greiðslum úr einum eða fleiri lífeyrissjóðum en sækja þarf um þær hjá viðeigandi sjóðum.

Auk ellilífeyris og tekjutryggingar geta ellilífeyrisþegar átt rétt á uppbótum á ellilífeyri svo sem heimilisuppbót fyrir ellilífeyrisþega sem búa einir og uppbót vegna reksturs bifreiðar svo dæmi séu tekin. Þessar greiðslur eru þó allflestar háðar ákveðnum skilyrðum, t.d. varðandi tekjur lífeyrisþega, búsetu á Íslandi, heimilisaðstæður og fleira.

7

Að fá ellilífeyrisgreiðslur í fyrsta skipti

Allir sem verða 67 ára og hafa búið og starfað á Íslandi í tilskilinn tíma fá sent bréf frá Tryggingastofnun þar sem bent er á mögulegan rétt til ellilífeyris. Bréfinu fylgja eyðublöð fyrir umsóknir og tekjuáætlanir. Þessi blöð þarf að fylla út, undirrita og koma til Tryggingastofnunar eða umboða utan Reykjavíkur. Réttur til ellilífeyrisgreiðslna getur náð allt að tvö ár aftur í tímann, hafi ekki verið sótt um lífeyri við 67 ára aldur. Þó þurfa þeir sem fá örorkulífeyrisgreiðslur þegar þeir verða 67 ára ekki að sækja sérstaklega um ellilífeyri. Sé gert ráð fyrir að vera áfram á vinnumarkaði eftir að 67 ára aldri er náð getur borgað sig að fresta því að sækja um ellilífeyri hjá Tryggingastofnun. Ellilífeyrir, tekjutrygging og heimilisuppbót hækka þá um 0,5% fyrir hvern mánuð fram til 72 ára aldurs, eða að hámarki um 30%. Sækja þarf um allar greiðslur frá Tryggingastofnun.

Sjómannelífeyrir

Sá sem hefur stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur getur átt rétt á ellilífeyri frá 60 ára aldri. Miðað er við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eða skip gert út af íslenskum aðilum eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár.

Upplýsingaskylda

Sú skylda hvílir á greiðsluþegum að veita Tryggingastofnun réttar og nauðsynlegar upplýsingar til þess að hægt sé að taka ákvörðun um rétt til greiðslna, fjárhæð og endurskoðun þeirra. Ef nauðsynlegar upplýsingar eru ekki veittar má fresta greiðslum tímabundið þar til upplýsingar liggja fyrir. Upplýsingaskyldan tekur til tekna og annarra atriða, s.s. heimilisaðstæðna, flutnings úr landi og breytinga á hjúskaparstöðu. Hafa þarf í huga að tilkynna allar slíkar breytingar til Tryggingastofnunar. Það er hægt að gera rafrænt með því að fara á þjónustuvefinn Trygg með veflykli ríkisskattstjóra eða með því að hafa samband við þjónusturáðgjafa og umboðsmenn (sjá bls. 34)

Greiðsluáætlun

Í upphafi árs berst lífeyrisþegum greiðsluáætlun fyrir árið. Áætlunin sýnir lífeyrisgreiðslur sundurliðaðar eftir greiðslutegundum og mánuðum. Lífeyrisþegar eru hvattir til að geyma áætlunina. Sömu upplýsingar eru aðgengilegar á þjónustuvefnum www.tryggur.is. Með aukinni rafrænni þjónustu dregur Tryggingastofnun úr póstsendingum. Mánaðarlegir greiðsluseðlar eru ekki lengur sendir út en hægt er að sækja þá á þjónustuvefinn.

Tekjuáætlanir

Tekjur ellilífeyrisþega ráða fjárhæð ellilífeyris og tengdra greiðslna. Þegar sótt er um lífeyri þarf að skila tekjuáætlun, sem er áætlun umsækjanda um hversu háar tekjur hann muni hafa á árinu sem taka ellilífeyris hefst. Á grundvelli þessarar áætlunar eru greiðslur ársins reiknaðar. Mikilvægt er að vanda til áætlunarinnar vegna þess að greiðslur hvers árs eru gerðar upp eftir á þegar endanlegar tekjuupplýsingar liggja fyrir. Með vandaðri tekjuáætlun er hægt að koma í veg fyrir of- eða vangreiðslur sem þarf að leiðrétta síðar, með fyrirhöfn og óþægindum sem óhjákvæmilega fylgja. Röng eða óvönduð tekjuáætlun getur haft þau áhrif að ellilífeyrisþegi þurfi að endurgreiða móttekna greiðslur. Ellilífeyrisþegar bera sjálfir ábyrgð á því að tekjuáætlun þeirra sé sem réttust. Lífeyrisþegi getur hvenær sem er leiðrétt tekjuáætlunina sína á þjónustuvefnum www.tryggur.is, fengið ráðgjöf hjá starfsfólki Tryggingastofnunar eða hjá umboðsmönnum um allt land.





Lífeyrisþegar geta einnig skoðað tekjur sínar í staðgreiðsluskrá RSK (á vefnum www.skattur.is) til að tekjuáætlun sé sem réttust.

Endurreikningur og uppgjör

Eins og fram hefur komið er ellilífeyrir jafnan reiknaður út og greiddur á grundvelli áætlaðra árstekna. Að lokinni álagningu skattayfirvalda eru greiðslur ársins gerðar upp miðað við tekjuupplýsingar úr skattframtali. Nýr útreikningur er þá borinn saman við þær bætur sem greiddar voru á árinu. Komi í ljós að of lágar bætur hafi verið greiddar greiðir Tryggingastofnun viðkomandi það sem upp á vantar. Komi hins vegar í ljós að of háar bætur hafi verið greiddar innheimtir Tryggingastofnun ofgreiðsluna. Tryggingastofnun er heimilt að draga ofgreiðsluna af mánaðarlegum greiðslum.

Greiðslutegundir og reglur um meðferð tekna

Almenna reglan um meðferð tekna

Viðmiðunartekjur hafa áhrif á upphæðir lífeyrisgreiðslna. Almenna reglan er sú að allar skattskyldar tekjur greiðsluþega eru teknar með þegar viðmiðunartekjur eru reiknaðar. Undanskyldar eru greiðslur almannatrygginga, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Lífeyrissjóðstekjur hafa ekki áhrif á ellilífeyri en aftur á móti lækka þær tekjutryggingu og heimilisuppbót. Upphæðir lífeyrisgreiðslna er hægt að sjá á vefnum www.tr.is - Eldri borgarar - Fjárhæðir. Fjármagnstekjur eru sameiginlegar tekjur hjóna. Sé lífeyrisþegi í hjónabandi, staðfestri samvist eða sambúð telst ½ fjármagnstekna til tekna viðkomandi. Hjá einstaklingum vega fjármagnstekjur 100% við útreikning lífeyrisgreiðslna. Tekjur sem lífeyrisþegi fær greiddar frá öðru landi mynda einnig stofn til viðmiðunartekna, á sama hátt og hefði teknanna verið aflað hér á landi. Auk þess er heimilt að taka greiðslur sem mótteknar hafa verið erlendis með í reikninginn, hafi þær verið greiddar fyrir sama tímabil og greiðslur frá Tryggingastofnun.

Aldur og búseta

Sá sem er orðinn 67 ára og hefur búið hér á landi í minnst þrjú ár á aldrinum 16-67 ára getur átt rétt á greiðslu ellilífeyris. Óskertur réttur miðast við

40 ára búsetu á Íslandi á aldrinum 16-67 ára. Þegar um skemmri búsetutíma er að ræða skerðist rétturinn hlutfallslega. Ef búsetutími hjóna er mislangur er heimilt að miða réttindi beggja við búsetutíma þess sem hefur haft lengri búsetu á Íslandi.

Tekjutrygging

Tekjutrygging er greidd lífeyrisþegum fari tekjur þeirra ekki umfram ákveðna upphæð á ári. Lífeyrissjóðstekjur, atvinnutekjur og fjármagnstekjur hafa áhrif á tekjutryggingu. Atvinnutekjur í þessu samhengi teljast m.a. skattskyldar launatekjur, reiknað endurgjald, hagnaður af atvinnurekstri, atvinnuleysisbætur, ökutækjastyrkur, dagpeningar, bifreiðahlunnindi og önnur hlunnindi. Sérstök frítækjumörk eru á lífeyrissjóðsgreiðslum, fjármagnstekjum og atvinnutekjum. Úttekt séreignarsparnaðar hefur ekki áhrif á útreikning lífeyristrygginga (ellilífeyri og tekjutryggingu).

Heimilisuppbót

Greiðsluþegar sem búa einir og fá greidda tekjutryggingu geta sótt um heimilisuppbót. Ef búið er í leiguhúsnæði þarf að skila afriti af húsaleigusamningi. Ef lögheimili er flutt skal endurnýja umsókn um heimilisuppbót og skila nýjum húsaleigusamningi ef um leiguhúsnæði er að ræða. Sömu skerðingarreglur gilda um heimilisuppbót og tekjutryggingu.

Uppbót á ellilífeyri

Ef umtalsverður aukakostnaður fellur á lífeyrisþega, t.d. vegna lyfja og læknisþjónustu, heimilishjálpar, heyrnartækja, súrefnissíunotkunar eða öryggishnapps getur verið heimilt að greiða frekari uppbót á lífeyri. Þetta á við um kostnað lífeyrisþegans sem Tryggingastofnun tekur að öðru leyti ekki þátt í. Einnig er heimilt að greiða uppbót vegna kostnaðar við umönnun í heimahúsi, dvöl á sambýli, áfangaheimili eða gistiheimili sem aðrir opinberir aðilar greiða ekki. Þessar greiðslur miðast við ákveðnar tekjur og eignir.

Sérstök uppbót til framfærslu

Heimilt er að greiða sérstaka uppbót til lífeyrisþega ef heildartekjur eru undir ákveðnum tekjumörkum.





Makabætur og umönnunarbætur

Ef ellilífeyrisþegi þarfnast umönnunar í heimahúsi er heimilt að greiða maka eða öðrum þeim sem halda heimili með ellilífeyrisþeganum maka- og umönnunarbætur. Umsækjandi má ekki vera lífeyrisþegi. Með umsókn þarf að fylgja læknisvottorð og staðfesting á tekjutapi eða tekjuleysi. Endurnýja þarf umsókn á sex mánaða fresti. Maka- og umönnunarbætur sem maki eða umönnunaraðili getur sótt um og uppbót vegna umönnunar sem lífeyrisþegi getur sjálfur sótt um fara hins vegar ekki saman.

Bifreiðamál eldri borgara

Hreyfihamlaðir ellilífeyrisþegar geta átt rétt á eftirfarandi hlunnindum ef þeir eru með lífeyrisgreiðslur frá Tryggingastofnun.

- Uppbót vegna reksturs bifreiðar.
- Uppbót vegna kaupa á bifreið sem heimilt er að greiða á fimm ára fresti.
- Styrkur til kaupa á bifreið sem heimilt er að greiða á fimm ára fresti.
- Styrkur vegna hjálpartækja í bifreið til að auðvelda akstur.
- Styrkur vegna nauðsynlegrar ökuþjálfunar.

Bifreiðahlunnindi

Helstu skilyrði fyrir samþykkt umsókna um bifreiðahlunnindi eru eftirfarandi:

- Umsækjandi þarf að skila læknisvottorði sem staðfestir hreyfihömlun hans.
- Bifreiðin verður að vera skráð á umsækjanda eða maka.
- Umsækjandi, maki eða annar heimilismaður verður að hafa ökuréttindi.
- Skilyrði er að Tryggingastofnun samþykki val á bifreið.

Eingöngu er heimilt að greiða bifreiðahlunnindi vegna fólksbifreiða og sendibifreiða sem eru til almennra nota. Allar bifreiðar þurfa að vera til einkanota.

Við mat á hreyfihömlun er miðað við sjúkdómsástand sem skerðir verulega

færni umsækjanda til að komast ferða sinna. Þar er einkum átt við lömun eða skertan hreyfanleika í ganglimum af völdum sjúkdóms eða fötlunar eða mæði vegna hjarta- eða lungnasjúkdóms. Einnig er litið til sambærilegra sjúkdóma.

Niðurfelling bifreiðagjalda

Eftirfarandi skilyrði eru fyrir niðurfellingu bifreiðagjalda:

- Einstaklingur þarf að vera með uppbót vegna reksturs bifreiðar, eða hafa verið örorkulífeyrisþegi áður en hann varð ellilífeyrisþegi.
- Einstaklingur er skráður eigandi ökutækis. Þeir sem dveljast á stofnun geta einnig átt rétt á niðurfellingu bifreiðagjalda.

2. Vistun á dvalar- og hjúkrunarheimilum

Vistunarmat

Vistunarmat er faglegt einstaklingsbundið mat á þörfum einstaklinga fyrir varanlega vistun á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Þegar sótt er um vistun á hjúkrunarheimili þarf að fylla út umsókn um vistunarmat á heimasíðu landlæknisembættisins, www.landlaeknir.is, og er umsóknin síðan send til vistunarmatsnefndar í því heilbrigðisumdæmi þar sem viðkomandi á lögheimili. Ef sótt er um vistun á dvalarheimili þarf að fylla út umsókn sem hægt er að nálgast á vef félags- og tryggingamálaráðuneytisins, www.felagsmalaraaduneyti.is og hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Umsóknum um dvalarheimili er skilað til félagsþjónustu sveitarfélagsins þar sem umsækjandi býr.

Dvalarkostnaður

Dvalarkostnaður á dvalar- og hjúkrunarheimilum er greiddur með daggjöldum sem ákveðin eru af heilbrigðisráðuneytinu og félags- og tryggingamálaráðuneytinu hverju sinni. Daggjöldin eru mishá eftir stofnunum. Tryggingastofnun greiðir hluta daggjaldanna svo fremi að vistunarmat liggja fyrir. Þátttaka vistmanna í dvalarkostnaði er tekjutengd og því misjafnlega há eftir tekjum hvers vistmanns.





Ef mánaðartekjur vistmanns eru að jafnaði 65.005 kr. eða meira, eftir skatta, þá tekur hann þátt í dvalarkostnaði með þeim tekjum sem umfram eru. Greiðsluþátttaka vistmanns verður þó aldrei hærrí en 262.313 kr. á mánuði. Greiðsluþátttaka hefst fyrsta dag næsta mánaðar eftir að vistunarmat tekur gildi. Sama aðferð er notuð við útreikning á þátttöku í dvalarkostnaði hvort sem um er að ræða dvalar- eða hjúkrunarheimili. Heimilið innheimtir ávallt hlut vistmanns í dvalargjaldi.

Ef um dvöl á dvalarheimili er að ræða þá greiðir Tryggingastofnun s.k. vistunarframlag til heimilisins. Ef um dvöl í hjúkrunarrými er að ræða þá greiðir Tryggingastofnun fullt daggjald til heimilisins og heimilið endurgreiðir hlut vistmanns til Tryggingastofnunar.

Nánari upplýsingar um þátttöku í dvalarkostnaði er að finna á heimasíðu Tryggingastofnunar, www.tr.is.

Áhrif á lífeyrisgreiðslur

Pegar um varanlega dvöl á dvalar- eða hjúkrunarheimili er að ræða falla bætur niður frá fyrsta degi næsta mánaðar eftir að dvöl hefst. Við það að greiðslur falla niður getur myndast réttur til vasapeninga.

Löng sjúkrahúsvist

Ef lífeyrisþegi hefur þurft að dveljast á sjúkrahúsi í samtals 6 mánuði á undanförunum 12 mánuðum, þar af samfelt í heilan mánuð í lok tímabilsins, falla greiðslur ellilífeyris niður. Í stað þeirra getur stofnast réttur til vasapeninga.

Framlenging greiðslna

Pegar lífeyrisgreiðslur falla niður vegna sjúkrahúsvistar eða vegna vistunar í dvalar- eða hjúkrunarrými getur verið hægt að framlengja þær í allt að sex mánuði, í samræmi við ákveðnar undanþágureglur. Félagsráðgjafar og eftir atvikum aðrir starfsmenn á viðkomandi stofnun veita aðstoð við að sækja um framlengingu.

Meðferð tekna

Sömu reglur varðandi viðmiðunartekjur gilda um útreikning á kostnaðarþátttöku vistmanna og um tekjutryggingu. Við útreikning á kostnaðarþátttöku vistmanna er miðað við tekjur eftir skatt.

Vasapeningar

Almenn skilyrði

Þegar ellilífeyrir fellur niður vegna dvalar á sjúkrastofnun, dvalarheimili eða hjúkrunarheimili getur vistmaður með engar eða lágar tekjur átt rétt á vasapeningum. Fullir vasapeningar eru 41.895 kr. á mánuði. Vasapeningar eru tekjutengdir, lækka því með hækkandi tekjum og falla niður ef tekjur eru yfir 64.454 kr. á mánuði. Þegar viðkomandi útskrifast er mikilvægt að láta Tryggingastofnun vita svo að greiðslur geti hafist að nýju. Maki þess sem hættir að fá greiddan ellilífeyri getur sótt um heimilisuppbót, sé hann sjálfur lífeyrisþegi og búi einn.

Meðferð tekna

Sömu reglur varðandi viðmiðunartekjur gilda um vasapeninga og um ellilífeyri. Þó ber að telja lífeyrissjóðstekjur til tekna.

Dagpeningar utan stofnunar

Almenn skilyrði

Ef vistmaður dvelur utan stofnunar í nokkra daga í senn en útskrifast samt ekki er heimilt að greiða honum dagpeninga þann tíma. Ekki er greitt fyrir fleiri en 8 daga í mánuði. Dagpeningar utan stofnunar eru 2.280 kr. á dag og eru þeir tekjutengdir. Aðeins þeir vistmenn sem eru með vasapeninga geta sótt um dagpeninga utan stofnunar.

Meðferð tekna

Sömu reglur varðandi viðmiðunartekjur gilda um dagpeninga utan stofnunar og um ellilífeyri. Þó ber að telja lífeyrissjóðstekjur til tekna.

Réttindi við andlát maka

Við andlát maka breytast forsendur greiðslna að einhverju leyti og hugsanlega kann réttur til heimilisuppbótar að myndast. Eftirlifandi maka ber því að





senda inn nýja tekjuáætlun og greina Tryggingastofnun frá breytingum á högum sínum. Þá ætti eftirlifandi maki að hafa í huga að hann hefur rétt til að nýta skattkort fráfallins maka í allt að níu mánuði eftir andlát.

Lífeyrisréttindi frá öðrum löndum

Þeir sem hafa búið eða starfað erlendis geta hafa áunnið sér lífeyrisréttindi í viðkomandi landi. Máli skiptir, varðandi réttindi og umsóknarferli, hvort samningur sem tekur til lífeyrstrygginga sé í gildi við viðkomandi land. Tryggingastofnun hefur milligöngu þegar um er að ræða lífeyrisumsóknir til samningsríkja. Almennatryggingaákvæði EES-samningsins teljast helsti milliríkjasamningur Íslands á sviði almennatrygginga, ásamt Norðurlanda-samningnum um almennatryggingar. Samkvæmt samningnum annast Tryggingastofnun margvísleg verkefni í tengslum við afgreiðslu lífeyrisréttinda á milli landanna. Yfirlit yfir helstu milliríkjasamninga Íslands á sviði almennatrygginga má finna á vefsíðu Tryggingastofnunar, www.tr.is.

15

Umsókn um lífeyri frá EES-löndum og Sviss

Ríkisborgarar EES-landa og Sviss sem búa hér á landi og hafa áður búið eða starfað í öðru EES-landi eða Sviss eiga rétt á að fá þann lífeyri greiddan sem þeir hafa áunnið sér í þeim ríkjum þegar lífeyrisaldri er náð. Fullnægja þarf skilyrðum viðkomandi ríkis. Á umsóknareyðublöðum Tryggingastofnunar um lífeyri er spurt um búsetu- og starfstíma erlendis. Þegar um EES-ríki er að ræða þarf að fylla út umsókn um lífeyri frá öðru EES-ríki. Umsóknareyðublöðin er að finna á www.tr.is, í þjónustumiðstöðinni á Laugavegi 114 og hjá umboðum um allt land (sjá bls. 34). Blöðin eru send samskiptastofnun í viðkomandi ríki sem ákvarðar greiðslur í samræmi við áunnin réttindi samkvæmt þarlandum reglum eða EES-reglum. Þetta á bæði við um greiðslu lífeyris almennatrygginga og um greiðslur frá atvinnutengdu lífeyriskerfi sem samningarnir taka til. Einstaklingur sem er búsettur í öðru EES-landi eða Sviss á að snúa sér til tryggingastofnunar þar í landi þegar hann hyggst sækja um lífeyrisgreiðslur á Íslandi. Viðkomandi stofnun sér þá um að senda umsókn til Tryggingastofnunar. Athugið að lífeyrisaldur er mismunandi eftir löndum.

Umsókn um lífeyri frá öðrum löndum en EES

Sérstök eyðublöð eru notuð við framkvæmd samnings á milli Kanada og Íslands. Að öðru leyti hefur Tryggingastofnun ekki milligöngu þegar um er að ræða lífeyrisumsóknir til annarra landa, kveði samningar ekki á um annað.

Erlendar tekjur

Erlendar tekjur, þ.á m. greiðslur úr erlendum lífeyrissjóðum, hafa áhrif til lækkunar á lífeyrisgreiðslum á sama hátt og íslenskar tekjur, nema kveðið sé á um annað í EES-samningnum. Gera þarf grein fyrir tekjum frá öðru landi í tekjuáætlun hvers árs hjá Tryggingastofnun. Áður en farið er eða flust til annarra landa eru lífeyrisþegar hvattir til að kynna sér hvaða vottorð er nauðsynlegt að hafa með sér en það ræðst af því til hvaða lands er farið og í hvaða tilgangi. Upplýsingar um lífeyrisréttindi erlendis, sjúkratryggingar við búsetu erlendis og upplýsingar um búsetuflutning til Íslands má finna á bls. 27.

Félagsleg aðstoð

Endurgreiðsla kostnaðar

Þeir sem orðið hafa fyrir miklum útgjöldum vegna læknishjálpar, lyfja-, sjúkra-, iðju- og talþjálfunar geta átt rétt á endurgreiðslu kostnaðar að hluta. Endurgreiðsla miðast við árstekjur og heildarkostnað fjölskyldu. Til að sækja um slíka endurgreiðslu þarf að fylla út sérstakt umsóknareyðublað hjá Tryggingastofnun sem nefnist: „Umsókn um endurgreiðslu kostnaðar vegna læknishjálpar, lyfja eða þjálfunar“. Umsóknareyðublaðið má líka fylla út rafrænt á www.tr.is/sjalfsafgreidsla/eydublod, en þá þarf samt sem áður að prenta það út og skrifa undir. Með umsókn þurfa að fylgja fullgildar kvittanir vegna útgjalda fyrir læknishjálp, lyf eða þjálfun. Tölvuútskrift frá apóteki getur líka sannað útgjöld. Uppbót sem lífeyrisþegi nýtur vegna sjúkra-kostnaðar dregst frá útgjöldum. Hægt er að fá endurgreiddan kostnað allt að tvö ár aftur í tímann.





3. Skattamál

Skattskyldar greiðslur

Sömu skattareglur gilda að mestu um lífeyrisgreiðslur og launagreiðslur. Langflestar greiðslur almannatrygginga eru skattskyldar og jafnframt staðgreiðsluskyldar. Greiðslur úr lífeyrissjóðum eru skattskyldar.

Skattaávilnun

Hægt er að sækja um lækkun á tekjuskatti til skattayfirvalda t.d. ef veikindi, slys eða andlát maka hefur í för með sér verulega skerta greiðslugetu. Sækja þarf um lækkunina hjá skattstjóra.

Skattkort

Það er mikilvægt fyrir þann sem fær greiðslur frá fleiri en einum launagreiðanda, til dæmis lífeyrissjóði og Tryggingastofnun, að skattkorti sé skipt þannig að persónuafsláttur nýtist að fullu. Starfsfólk Tryggingastofnunar reiknar út hvernig best er að skipta skattkorti og getur séð um að senda þann hluta kortsins sem ekki er nýttur hjá stofnuninni til annars eða annarra launagreiðenda. Rétt er að vekja athygli á því að í tekjuskattslögum er heimild til að nýta 100% af skattkorti maka. Þetta á t.d. við ef annað hjóna fær samtímis greiðslur úr lífeyrissjóði og frá Tryggingastofnun en maki fær engar eða lágar greiðslur. Eftirlifandi maki getur einnig nýtt skattkort maka í níu mánuði eftir andlát hans.

4. Sjúkratryggingar

Sjúkratryggðir eru þeir sem hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. síðustu sex mánuðina áður en sjúkrahjálpar er óskað auk þeirra sem öðlast hafa rétt á sjúkratryggingu samkvæmt milliríkjasamningum. Sjúkratryggingar taka til heilbrigðisþjónustu sem ákveðið hefur verið með lögum, reglugerðum eða samningum að veita. Sjúkratryggingar taka þannig m.a. til læknishjálpar, lyfja, þjálfunar og hjálpartækja.

Læknishjálp

Sjúkratryggingar Íslands greiða kostnað vegna lækniþjónustu hjá sérfræðilæknum utan sjúkrahúsa sem starfa samkvæmt samningi við stofnunina. Sjúklingur greiðir þó ávallt ákveðinn hluta af kostnaðinum sjálfur (sjá töflu á bls. 22-23). Sjálfstætt starfandi bæklunarlæknar starfa ekki samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar. Um endurgreiðslur vegna kostnaðar hjá bæklunarlæknum gildir reglugerð nr. 314/2008. Sjúkratryggingar endurgreiða hluta kostnaðar í samræmi við gjaldskrá sem fylgir fyrrgreindri reglugerð.

Lyf

Sjúkratryggingar greiða lyfjakostnað þeirra sem eru sjúkratryggðir en greiðsluþátttakan er mismunandi eftir lyfjaflokkum. Sjúklingurinn greiðir ákveðinn hluta lyfjakostnaðarins samkvæmt sérstökum reglum. Lífeyrisþegar greiða lægra gjald en aðrir við kaup á niðurgreiddum lyfjum. Í sérstökum tilvikum gefa Sjúkratryggingar út lyfjaskírteini samkvæmt læknisvottorði, þar sem greiðsluþátttaka Sjúkratrygginga er aukin.

Næring og sérfæði

Þegar eitthvað hamlar neyslu fæðu, t.d. mikið lysterleysi, efnaskiptagalli, ofnæmi, frásogsvandamál o.fl. geta Sjúkratryggingar veitt styrk til kaupa á sérfæði og næringarefnum til að mæta orkuþörf viðkomandi. Læknir og/eða næringarfræðingur metur þörfina og sækir um styrk á sérstöku eyðublaði.





Hjálpartæki

Hjálpartæki er tæki sem ætlað er að draga úr skerðingu á færni, aðstoða fólk við að laga sig að umhverfinu, auka eða viðhalda færni og sjálfsbjargargetu eða auðvelda umönnun. Sjúkratryggingar Íslands reka Hjálpartækjamiðstöð og veita styrki til kaupa á hjálpartækjum eftir að mat á þörf fyrir þau hefur farið fram. Einkum er um að ræða hjálpartæki til sjálfsbjargar og öryggis og í ákveðnum tilvikum til þjálfunar og meðferðar svo sem göngugrindur, hjólastóla, öryggiskallkerfi og hjálpartæki við böðun. Læknir eða annar hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsmaður, t.d. iðjubjálfi eða sjúkrabjálfi, metur þörf fyrir hjálpartæki. Á umsókn þarf að koma fram lýsing á færniskerðingu og við fyrstu umsókn verður læknir að veita umsögn. Umsókn um styrk þarf að berast áður en kaup eru fest á hjálpartæki. Hjálpartækjamiðstöðin er til húsa á Smiðjuvegi 28, grænni götu, í Kópavogi. Vefsíða hjálpartækjamiðstöðvar: www.tr.is/hjalpartaeki.

Heyrnartæki og önnur hjálpartæki vegna heyrnarskerðingar

Hjá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands er hægt að fá heyrnarmælingu. Ef í ljós kemur að viðkomandi þarf á heyrnartæki að halda fær hann ráðgjöf hjá heyrnarfræðingi um val á heppilegu tæki og kennslu í notkun þess. Einnig er þar hægt að fá önnur sérhæfð hjálpartæki vegna heyrnarskerðingar. Fyrir utan Heyrnar- og talmeinstöð Íslands selja fyrirtækin Heyrnartækni, Heyrn og Heyrnarstöðin einnig heyrnartæki. Allir sem þurfa heyrnartæki og eru með tónmeðalgildi á bilinu >30 og <70 db eiga rétt á styrk. Styrkur fyrir heyrnartæki á annað eyra er 30.800 kr. en fyrir bæði eyru 61.600 kr. á fjögurra ára fresti. Hjá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands greiðir viðskiptavinurinn fyrir mismuninn á upphæð styrks og uppsettu verði heyrnartækja, en Sjúkratryggingar greiða styrki vegna heyrnartækja sem keypt eru hjá öðrum gegn framvísun reiknings.

Vefsíður:

- Heyrnar- og talmeinstöð Íslands: www.hti.is
- Heyrnartækni: www.heyrnartaekni.is
- Heyrnarstöðin: www.heyrnarstodin.is
- Heyrn: www.heyrn.is

Hjálpartæki vegna sjónskerðingar

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda úthlutar m.a. sjónhjálparkjóm, tölvuhjálparkjóm og hvítum stöfum, samkvæmt reglugerð sem finna má á heimasíðu stöðvarinnar. Skilyrði fyrir þjónustu er að viðkomandi sé sjónskertur, samkvæmt skilgreiningu, þ.e.a.s. með sjón minni en 30% með bestu gleraugum. Þá býður Blindrafélagið, Hamrahlíð 17, til sölu á skrifstofu sinni ýmis hjálpartæki s.s. talandi úr og klukkur, blindraletursúr, margskonar spil og ýmis eldhúsahöld.

Styrkir vegna gleraugnakaupa

Styrkir sem veittir eru vegna gleraugna eru afgreiddir hjá Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og dauflinda samkvæmt settum reglum heilbrigðisráðuneytis. Rétt á styrkjum eiga börn yngri en 18 ára og fullorðnir þar sem læknisfræðilegar forsendur er fyrir því að breyta styrk glerja. Ellilífeyrisþegar og öryrkjar öðlast því ekki sérstakan rétt til niðurgreiðslu. Athugið: Aðeins er greitt ef umsókn liggur fyrir frá augnlækni eða sjóntækjafræðingi. Fyrirhugað er að flytja afgreiðslu þessara styrkja til Sjúkratrygginga Íslands innan nokkurra mánaða.

Vefsíða Sjónstöðvar Íslands: www.midstod.is.

Tannlækningar

Við 67 ára aldur taka Sjúkratryggingar þátt í almennum tannlæknakostnaði ellilífeyrisþega. Endurgreiðsla miðast við gjaldskrá sem heilbrigðisráðherra gefur út en gjaldskrá starfandi tannlækna er aftur á móti frjáls. Þegar gjaldskrá tannlæknis er hærrí en gjaldskrá ráðherra greiðir sjúklingurinn mismuninn. Það kann því að vera ráðlegt að bera saman verð áður en meðferð hjá tannlækni hefst. Sjá gjaldskrá ráðherra á vefnum www.tr.is undir Heilsa og sjúkdómar - Tannlækningar.

Endurgreiðsla almennra tannlækninga skv. gjaldskrá ráðherra:

- 50% endurgreiðsla til lífeyrisþega án tekjutryggingar.
- 75% endurgreiðsla til lífeyrisþega með tekjutryggingu.
- 100% endurgreiðsla til langsjúkra lífeyrisþega sem dvelja á dvalar- og hjúkrunarheimilum.



Laus tanngervi

Sjúkratryggingum er heimilt að taka þátt í kostnaði við smíði gervigóma og tannparta á sex ára fresti hið mesta og fóðrun þeirra á þriggja ára fresti hið mesta. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði vegna sérstakra ástæðna. Tannlæknir sækir um slíka undanþágu fyrir hönd sjúklings til Sjúkratrygginga á sérstöku eyðublaði. Sjúkratryggingum er heimilt að taka þátt í kostnaði lífeyrisþega við gerð gullhetta á tvær stoðtennur ásetugóms, ísetningu tveggja tannplanta til stuðnings heilgómi í ótenntan neðri góm og allt að fjögurra tannplanta í ótenntan efri góm, auk smíði plantagóma. Sækja þarf um greiðsluþátttöku til Sjúkratrygginga Íslands.

Föst tanngervi

Sjúkratryggingum er heimilt að taka þátt í kostnaði lífeyrisþega vegna fastra tanngerva og tannplanta framan við tólf ára jaxla. Greiðsluþátttaka nemur sama hlutfalli og við almennar tannlækningar og miðast sem fyrr við gjaldskrá ráðherra. Ekki þarf að sækja um endurgreiðslu. Greiðsluþátttaka nemur að hámarki 80.000 kr. á hverju almanaksári enda hafi meðferðin farið fram á sama almanaksári. Greiðsluþátttaka vegna einstaklings sem ekki fær tekjutryggingu er 50% og nemur því allt að 40.000 kr. Greiðsluþátttaka vegna einstaklings sem fær tekjutryggingu er 75% og nemur því allt að 60.000 kr. Greiðsluþátttaka vegna einstaklings sem er langsjúkur á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimili eða hjúkrunarrými er 100% og getur því numið allt að 80.000 kr. Tekið er á móti reikningum í þjónustumiðstöðinni á Laugavegi 114 og í umboðum utan Reykjavíkur (sjá bls. 34). Margir tannlæknar bjóða viðskiptavinum sínum að greiða einungis sinn hlut hjá tannlækninum og innheimta hlut Sjúkratrygginga sjálfir. Aðrir bjóða viðskiptavinum sínum að senda reikninga í pósti til Sjúkratrygginga sem síðan leggja andvirði endurgreiðslunnar inn á bankareikning viðskiptavinarins.



Greiðslur fyrir lækniþjónustu og heilsugæslu.

Munið – afsláttarkortin gilda út almanaksárið! Gildir frá 4. febrúar 2009.

Verð með afsláttarkorti

LÆKNISÞJÓNUSTA	Almennt gjald	Lífeyrisþegar og börn	Almennt gjald	Lífeyrisþegar og börn
Koma á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma kl. 8-16	1.000 kr.	500 kr.	580 kr.	400 kr.
Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort		0 kr.		0 kr.
Koma á heilsugæslustöð utan dagvinnutíma kl. 16-08 og á laugardögum og helgidögum	2.600 kr.	1.300 kr.	1.500 kr.	700 kr.
Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort		0 kr.		0 kr.
Vitjun læknis á dagvinnutíma	2.800 kr.	1.400 kr.	1.600 kr.	700 kr.
Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort		500 kr.		300 kr.
Vitjun læknis utan dagvinnutíma	3.800 kr.	1.850 kr.	2.300 kr.	900 kr.
Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort		700 kr.		400 kr.

RANNSÓKNIR OG GREININGAR

Krabbameinsleit	3.400 kr.	1.700 kr.*		
Koma til röntgengreiningar og beinþéttimælingar	2.000 kr.+ 40% umframkostn.	700 kr.+13,33% umframkostn.	700 kr.+13,33% umframkostn.	1/9 af almennu gjaldi lágmark 350 kr.
Börn yngri en 18 ára og lífeyrisþegar		1/9 af almennu gjaldi lágmark 230 kr.		1/9 af almennu gjaldi lágmark 230 kr.
Börn með umönnunarkort		0 kr.		
Rannsóknir með beiðni	1.400 kr.	470 kr.	700 kr.	230 kr.
Börn yngri en 18 ára		230 kr.		120 kr.
Börn með umönnunarkort		0 kr.		

* Börn og unglingar undir 18 ára aldri greiða almennt gjald.

** Hámarks gjald.

*** Ekki er greitt oftar en tvisvar sinnum í hverjum almanaksmánuði.

Hámarks greiðsla fyrir komu til sérfræðings, röntgengreiningu eða aðgerð á sjúkrahúsi er kr. 25.000.





Verð með afsláttarkorti

SÉRFRÆÐINGAR OG SJÚKRAHÚS	Almennt gjald	Lífeyrisþegar og börn	Almennt gjald	Lífeyrisþegar og börn
Koma til samningsbundins sérfræðings og á göngudeild	3.600 kr.+ 40% umframkostn.	1.300 kr.+13,33% umframkostn.	1.300 kr.+13,33% umframkostn.	1/9 af almennu gjaldi lágmark 650 kr.
Börn yngri en 18 ára		1/9 af almennu gjaldi lágmark 630 kr.		1/9 af almennu gjaldi lágmark 450 kr.
-hjá sérfræðingi á göngudeild		0 kr.		
Börn með umönnunarkort		0 kr.		
Slysadeild/bráðamóttaka sjúkrahúss	4.600 kr.	2.300 kr.	2.300 kr.	800 kr.
Börn yngri en 18 ára		800 kr.		400 kr.
Börn með umönnunarkort		0 kr.		
Koma/endurkoma á göngudeild sjúkrahúss v/þjónustu annarra en lækna	2.400 kr.	1.300 kr.	1.300 kr.	650 kr.
Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort		0 kr.		
Koma á dagdeild sjúkrahúsa ***	1.600 kr.	800 kr.	800 kr.	400 kr.
Börn yngri en 18 ára og börn með umönnunarkort		0 kr.		
Kransæða- og hjartaþræðing	7.100 kr.	2.400 kr.	2.400 kr.	800 kr.**
Börn yngri en 18 ára		0 kr.		
Keiluskurðaðgerð	7.300 kr.	2.400 kr.	2.400 kr.	900 kr.**
Börn yngri en 18 ára		0 kr.		

Eftirtaldir greiða samkvæmt gjaldskrá lífeyrisþega:

- Eilífeyrisþegar 70 ára og eldri
- 60-70 ára gegn framvísun skirteinis frá TR
- Örorkulífeyrisþegar gegn framvísun örorkuskirteinis
- Þeir sem hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði greiða eftir gjaldskrá fyrir lífeyrisþega.
- Framvísa þarf vottorði frá Vinnuálastofnun.

Samkvæmt reglugerð 1204/2008 með 1. og 2. breytingu.

**Geymið allar kvittanir!
Afsláttarkortin gilda út almanaksárið.****Árlegar greiðslur sem þarf að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu áður en afsláttarkort er útgefið eru eftirfarandi:**

Einstaklingar 18-70 ára
(og atvinnulausir skv. vottorði): 25.000 kr.
Elli- og örorkulífeyrisþegar: 6.100 kr.
Börn yngri en 18 ára: 8.100 kr.

Sjúkra-, iðju- og talþjálfun

Sjúkratryggingar Íslands taka þátt í að greiða fyrir þjálfun lífeyrisþega en beiðni um þjálfun þarf að liggja fyrir.

- Lífeyrisþegar með tekjutryggingu greiða 20% þjálfunarkostnaðar fyrir fyrstu 20 skiptin á hverju 12 mánaða tímabili. Eftir það greiða Sjúkratryggingar meðferðina að fullu.
- Lífeyrisþegar án tekjutryggingar greiða 20% þjálfunarkostnaðar óháð skiptafjölda. Miðað er við að almenn meðferð taki 40-60 mínútur í hvert sinn.

Ferðakostnaður innanlands

Sjúkratryggingar taka þátt í ferðakostnaði sjúklinga samkvæmt ákveðnum reglum. Þurfi sjúklingur að ferðast innanlands, samkvæmt tilvísun læknis í héraði, til sjúkdómsmeðferðar á opinberum sjúkrastofnunum, hjá sérfræðingum og öðrum aðilum tekur læknir í héraði að sér að skila skýrslu til Sjúkratrygginga á þar til gerðu eyðublaði.

Sjúkradagpeningar

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga í allt að eitt ár ef sjúkratryggður einstaklingur, 18 ára eða eldri, verður ófær um að vinna og fær hvorki elli- né örorkulífeyri. Sjúkradagpeningar eru einungis greiddir til þeirra sem eru óvinnufærir í þrjár vikur eða lengur vegna veikinda sinna og fá þess vegna engar launagreiðslur. Upphæðir sjúkradagpeninga eru háðar fjölskyldu- aðstæðum.

Þeir sem geta átt rétt á sjúkradagpeningum eru: Launþegar, sjálfstætt starfandi atvinnurekendur, námsmenn og heimavinnandi fólk. Falli störf heimavinnandi fólks á eigin heimili niður er greiddur helmingur dagpeninga. Lífeyrisþegar með skertan lífeyri geta fengið greiddan hluta sjúkradagpeninga ef viðkomandi hefur þurft að leggja niður launaða vinnu vegna veikinda.





5. Slysatriyggingar

Skilgreining slysa samkvæmt almannatryggingalögum

Með slysi er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Þá er með utanaðkomandi atburði átt við að eitthvað verði að hafa gerst utan líkama manns, svo um slys geti verið að ræða. Skilyrði er að óhappið verði ekki rakið til innri verkanar í líkama þess sem fyrir óhappi verður.

Slysatriygging við heimilisstörf

Til að eiga rétt á slysatriyggingu við heimilisstörf í gegnum almannatryggingar er nauðsynlegt að fylla út í viðeigandi reit á skattframtali í byrjun árs. Telst maður þá slysatriygður við heimilisstörf frá 1. ágúst það ár til 31. júlí árið eftir, ef skattframtalinu var skilað til skattayfirvalda innan lögbundins frests. Slysatriygging nær til slysa við heimilisstörf í skilningi almannatrygginga. Sjá nánar á www.tr.is/slys.

Slysatriygging við vinnu

Launþegar og atvinnurekendur með eigin rekstur og í landbúnaði eru slysatriygðir vegna slysa við vinnu að uppfylltum nánari skilyrðum almannatryggingalaga. Sjá nánar á tr.is/slys.

6. Sjúklingatriygging

Markmið laga um sjúklingatriyggingu er að auka bótarétt sjúklinga sem bíða heilsutjón vegna áfalla í tengslum við læknismeðferð. Sjúkratriyggingar Íslands annast sjúklingatriyggingu fyrir sjúkrahús, heilsugæslustöðvar og aðrar heilbrigðisstofnanir sem ríki og sveitarfélög eiga, í heild eða að hluta, og vegna sjúkraflutninga á vegum ríkisins. Umsókn vegna tjóns sem veitt er hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni á að beina til vátryggingafélags viðkomandi starfsmanns. Sérstök umsóknareyðublöð vegna sjúklingatriyggingar er hægt að nálgast á www.tr.is, í þjónustumiðstöð að Laugavegi 114, 105 Reykjavík, eða hjá umboðum um allt land.

7. Réttindi hér á landi og erlendis

Búseta erlendis – Innan EES og Sviss

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisþegar sem flytja úr landi og taka upp fasta búsetu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Sviss eiga rétt á að halda lífeyrisgreiðslum sínum á Íslandi. Ýmsar uppbætur sem greiðast með lífeyrisgreiðslum er á hinn bóginn ekki heimilt að greiða eftir flutning úr landi. Flutning úr landi þarf að tilkynna Tryggingastofnun og jafnframt væntanlegt heimilisfang erlendis.

Sjúkratryggingar

Sjúkratrygging fellur niður við brottflutning. Lífeyrisþegar sem flytja úr landi og taka upp fasta búsetu innan EES-svæðisins eða í Sviss eiga rétt á að fá sjúkratryggingavottorð (E-121) hjá Sjúkratryggingum Íslands og framvísa því við skráningu hjá tryggingastofnun í nýja búsetulandinu. Þeir sem eiga rétt á að fá E-121 vottorðið verða að vera EES-riksborgarar, vera lífeyrisþegar á Íslandi og eiga ekki rétt á lífeyrisgreiðslum í því ríki sem flutt er til. Á grundvelli vottorðsins fær viðkomandi einstaklingur rétt til sjúkrahjálpar í landinu sem flutt er til með sömu skilmálum og gilda um lífeyrisþega í því landi. Athugið að ef flutt er aftur til Íslands er nauðsynlegt að tilkynna flutninginn til Sjúkratrygginga svo unnt sé að afturkalla E-121 vottorðið. Lífeyrisþegar sem flytja til Norðurlandanna þurfa ekki að hafa með sér sjúkratryggingavottorð E-121.

Utan EES og Sviss

Lífeyrisréttindi

Lífeyrisþegar sem flytja úr landi og taka upp fasta búsetu utan Evrópska efnahagssvæðisins eða Sviss eiga eingöngu rétt á að halda lífeyrisgreiðslum sínum á Íslandi ef þeir flytja til lands sem Ísland er með gagnkvæman samning um lífeyrisgreiðslur við, þ.e. til Bandaríkjanna eða Kanada. Ef flutt er til annarra landa en Bandaríkjanna eða Kanada fellur réttur til lífeyrisgreiðslna niður. Ýmsar uppbætur sem greiðast með lífeyrisgreiðslum er ekki heimilt að greiða eftir flutning til Bandaríkjanna eða Kanada. Flutning úr landi þarf að tilkynna Tryggingastofnun og jafnframt væntanlegt heimilisfang erlendis.

Sjúkratryggingar

Sjúkratrygging fellur niður við brottflutning.





8. Flutningar til Íslands

Frá EES-löndum og Sviss

Lífeyrisréttindi

Við flutning aftur til landsins kann lífeyrisþegi að öðlast rétt til greiðslu upp-bóta. Mikilvægt er því að tilkynna Tryggingastofnun flutning til landsins.

Sjúkratryggingar

Lífeyrisþegum sem njóta lífeyris frá Íslandi og hafa áður fengið vottorðið E-121 hjá Sjúkratryggingum Íslands ber að tilkynna flutning til landsins til Sjúkratrygginga svo unnt sé að afturkalla vottorðið.

Lífeyrisþegar sem njóta lífeyris í öðru EES-landi þurfa að framvísa hjá Sjúkratryggingum Íslands E-121 vottorði sem sótt skal um hjá viðeigandi stofnun í landinu sem flutt er frá (þó ekki þeir sem njóta lífeyris á Norður-löndum). Sjúkratryggingar láta þeim í té sjúkratryggingaskírteini.

Frá löndum öðrum en EES-löndum og Sviss

Lífeyrisréttindi

Við flutning aftur til landsins kann lífeyrisþegi að öðlast rétt til að njóta lífeyris og upp-bóta. Mikilvægt er því að tilkynna Tryggingastofnun flutning til landsins.

Sjúkratryggingar

Þeir sem flytja hingað til lands frá löndum utan EES verða almennt ekki sjúkratryggðir hér á landi fyrr en sex mánuðum eftir flutning.

Ferðalög erlendis

EES og Sviss

Þeir sem ætla að ferðast til ríkja EES eða Sviss eru hvattir til að sækja um evrópskt sjúkratryggingakort hjá Sjúkratryggingum Íslands á www.tr.is, í þjónustumiðstöð eða í umboðum. Kortið staðfestir rétt til heilbrigðis-þjónustu í ríkjum EES og Sviss meðan á ferð stendur. Með heilbrigðisþjónustu er átt við aðstoð sem telst nauðsynleg af læknisfræðilegum ástæðum meðan á dvöl stendur. Korthafi greiðir sama gjald fyrir þjónustuna og þeir sem eru tryggðir í viðkomandi landi. Kortið gildir þó aðeins hjá læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum sem starfa innan hins opinbera sjúkratrygginga-

kerfis í dvalarlandinu. Kortið gildir því ekki þegar um er að ræða þjónustu sem veitt er á einkareknum sjúkrastofnunum. Kortið tekur ekki til þeirra tilvika þegar farið er til annars EES-lands í þeim tilgangi að fá lækniástoð eða aðra heilbrigðisþjónustu.

Þegar komið er á heilsugæslustöð, sjúkrahús eða í apótek má búast við að einnig þurfi að framvísa vegabréfi eða öðrum persónuskilríkjum. Kortið gildir í eftirtöldum löndum: Austurríki, Belgíu, Bretlandi, Búlgaríu, Danmörku, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Grikklandi, Hollandi, Írlandi, Ítalíu, Kýpur (gríska hlutanum), Lettlandi, Liechtenstein, Litháen, Lúxemborg, Möltu, Noregi, Portúgal, Póllandi, Rúmeníu, Slóvakíu, Slóveníu, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Ef kortið týnist

Ef kort týnist eða gleymist er unnt að fá sent sérstakt bráðabirgðavottorð frá Sjúkratryggingum Íslands.

Lönd utan EES og Sviss

Þeir sem ætla að ferðast til landa utan EES geta sótt um sérstaka trygginga-yfirlýsingu hjá Sjúkratryggingum Íslands, á www.tr.is, í þjónustumiðstöð eða í umboðum. Það er gert á eyðublaðinu „Dvöl erlendis – beiðni um trygginga-yfirlýsingu“. Ferðamaður sem þarf nauðsynlega á aðstoð að halda getur átt rétt á að fá hluta sjúkrakostnaðar síns endurgreiddan hjá Sjúkratryggingum þegar heim kemur. Nauðsynlegt er að framvísa frumritum af sundurliðuðum reikningum og greiðslukvittun.

Athugið

Kannið hvers konar tryggingar þið hafið og hvort þær gilda á ferð erlendis. Æskilegt getur verið að kaupa ferðatryggingu hjá tryggingafélögum. Slíkar tryggingar greiða bætur fyrir fleira en almannatryggingar gera, t.d. kostnað vegna heimflutnings.





9. Úrskurðarnefnd almannatrygginga

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta er unnt að skjóta ákvörðun Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands til sjálfstæðrar úrskurðarnefndar, úrskurðarnefndar almannatrygginga (ÚRAL). Í úrskurðarnefndinni eru þrír menn skipaðir til sex ára í senn, af ráðherra, tveir lögfræðingar og einn læknir. Kæra til úrskurðarnefndar almannatrygginga skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun. Í þjónustumiðstöðinni á Laugavegi og umboðum liggja frammi eyðublað sem unnt er að fylla út. Jafnframt má finna eyðublaðið á heimasíðu úrskurðarnefndar: www.rettarheimild.is/urskurdarnefnd-almannatrygginga. Nefndin úrskurðar að jafnaði í 300 til 400 málum á ári og tilkynnir hún öllum hlutaðeigandi niðurstöðu sína í hverju máli. Úrskurðarnefnd almannatrygginga hefur aðsetur í Vegmúla 3, 108 Reykjavík. Hægt er að hafa samband við nefndina í síma 551 8200 eða í netfang: postur@ural.stjr.is.

10. Hagnýtar upplýsingar

Húsnæði og þjónusta

Eignaríbúðir

Á vegum Samtaka aldraðra og Félags eldri borgara hafa verið byggðar eignaríbúðir, ætlaðar fólki sem er 60 ára og eldra. Byggingarfélög hafa einnig byggt eignaríbúðir fyrir aldraða víðs vegar um landið. Hægt er að fá upplýsingar hjá félögum eldri borgara og fasteignasölum. Bankar og lánastofnanir veita upplýsingar um fjármögnun íbúðaskipta og um annað sem viðvíkur íbúðakaupum.

Félagslegar leiguíbúðir

Upplýsingar um félagslegar leiguíbúðir eru veittar á skrifstofum sveitarfélaga.

Þjónustuíbúðir

Ýmis sveitarfélög leigja út þjónustuíbúðir til eldri borgara sem þurfa meiri

þjónustu en hægt er að fá í heimahúsum, án þess að hafa þörf fyrir vist á dvalar- eða hjúkrunarheimili. Upplýsingar um þjónustuíbúðir eru veittar á skrifstofum sveitarfélaga.

Búsetuskilyrði

Sum sveitarfélög setja skilyrði um búsetu áður en hægt er að sækja um leiguíbúð, félagslega íbúð eða vist á dvalar- og hjúkrunarheimili. Skilyrðin eru mismunandi en sem dæmi má nefna að í Reykjavík þarf umsækjandi að hafa búið í þrjú ár í sveitarfélaginu áður en hægt er að sækja um framan- greinda húsnæðiskosti. Umsækjendum er þó gefinn kostur á að sækja um undanþágur.

Húsaleigubætur

Félagsþjónusta í sveitarfélögum greiðir húsaleigubætur gegn framvísun þing- lýstra húsaleigusamninga. Sum sveitarfélög gefa að auki kost á umsókn um sérstakar húsaleigubætur ef um mjög bága stöðu einstaklings er að ræða.

Heilbrigðisþjónusta og félagsleg úrræði

Heimaþjónusta

Sveitarfélög veita félagslega heimaþjónustu. Markmið hennar er að aldraðir geti sem lengst búið á eigin heimili. Starfsfólk heimaþjónustu vinnur almenn heimilisstörf sem umsækjendur geta ekki annast sjálfir, svo sem heimilisþrif, þvotta og aðstoð við innkaup. Sveitarfélög ákvarða gjaldskrá fyrir heima- þjónustuna og eru upplýsingar veittar á skrifstofum þeirra. Þeir umsækjendur sem hafa ekki aðrar tekjur en óskertar greiðslur almannatrygginga eru undanþegnir greiðslu fyrir heimaþjónustu.

Heimahjúkrun

Heimahjúkrun er í umsjá heilsugæslustöðva um land allt. Heimahjúkrun er veitt vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og er skjólstæðingum að kostnaðarlausu. Hægt er að fá heimahjúkrun tímabundið í kjölfar veikinda, t.d. eftir heimkomu af sjúkrahúsi. Beiðni um heimahjúkrun er að jafnaði send frá hjúkrunarfræðingi eða lækni.





Hvíldarinnlagnir

Á öldrunardeildum eða hjúkrunarheimilum eru hvíldarinnlagnir stundum í boði, en þeim er ætlað að létta tímabundið umönnun af fjölskyldu hins aldraða. Hvíldarinnlögn getur varað í allt að sex vikur. Heimilislæknar, starfsfólk heimahjúkrunar og sjúkráhuslæknar sækja um hvíldarinnlagnir.

Dagvistun

Flest stærri sveitarfélög gefa kost á dagvistun fyrir þá sem búa í heimahúsum. Dagvistun felur í sér tímabundna dvöl í félagsmiðstöð við tómstundaiðkun, aðstöðu til léttra líkamsæfinga, máltíð, hvíldaraðstöðu eða böðun og snyrtingu. Akstur til og frá heimili er innifalinn og greiðsla fyrir þjónustu dagvistunar er mismunandi. Hægt er að sækja um dagvistun hjá dagvistarstofnun eða hjá heimilislækni. Nánari upplýsingar fást hjá sveitarfélögum.

Heimsóknarþjónusta

Á vegum Rauða kross Íslands er starfrækt heimsóknarþjónusta víða um land. Hafa má samband við þjónustuna í síma 551 8800 á miðvikudögum milli kl. 15 og 17. Heimsóknarþjónusta er einnig starfrækt á vegum kirkjunnar í stærri bæjarfélögum. Upplýsingar eru veittar hjá Ellimálaráði Reykjavíkur-prófastsdæma í síma 557 1666 milli kl. 9 og 13.

Félagsstarf og hagsmunasamtök

Landssamband eldri borgara og hagsmunasamtök

Landssamband eldri borgara og félög eldri borgara í hverju byggðarlagi eru hagsmunasamtök aldraðs fólks hér á landi. Í landssambandinu eru 53 félög eldri borgara vítt og breitt um landið með rúmlega 17.000 félaga. Félögin standa fyrir áhugaverðu og kröftugu félagsstarfi. Má þar nefna námskeið, ferðalög, kórastarf, leiklist, spil og dans. Markmið Landssambands eldri borgara er að byggja upp öflug samtök gagnvart stjórnvöldum. Hagsmunafélögin starfa sjálfstætt, hvert á sínu félagssvæði. Landssamband eldri borgara, sími 535 6010, netfang leb@rl.is.

Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni

Félag eldri borgara er félag fólks sem er orðið 60 ára. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna eldra fólks í hvívetna. Félagið býður einnig upp á áhugavert félagsstarf, fjölbreyttar sumarferðir o.fl. Félagið gefur út, ásamt Landssambandi eldri borgara, þjónustubók sem félagsmenn fá og í henni eru ýmsar hagnýtar upplýsingar. Þar er einnig að finna upplýsingar um einstaklinga sem starfa innan Silfurlínunnar, þ.e. laghent fólk og fagfólk til ýmissa verka fyrir félagsmenn. Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, Stangarhyl 4, sími 588 2111, netfang feb@feb.is. Vefsíða félagsins er www.feb.is.

Öldrunarfræðifélag Íslands

Félag öldrunarfræðinga Íslands er þverfaglegt félag einstaklinga. Markmið félagsins er að starfa að aukinni þekkingu á málefnum aldraðra, að efla rannsóknir á sviði öldrunarfræða og vera opinberum aðilum til ráðuneytis í málefnum aldraðra. Félagið er aðili að norrænum samtökum öldrunarfræðinga og Félagi íslenskra öldrunarlækna. Vefsíða öldrunarfræðifélagsins er www.öldrun.net.

Öldrunarráð Íslands

Að Öldrunarráði Íslands eiga aðild félög og stofnanir sem vinna að málefnum aldraðra. Markmið Öldrunarráðs er að bæta lífsaðstöðu aldraðra. Í því skyni stendur ráðið fyrir ýmsum opnum ráðstefnum og námskeiðum. Þá beitir félagið sér fyrir almennri upplýsinga- og fræðslustarfsemi um málefni aldraðra. Öldrunarráð starfrækir sérstakan rannsóknarsjóð og vill með því efla rannsóknir í öldrunarmálum.

Fjármálaþjónusta

Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna

Hlutverk Ráðgjafarstofunnar er að veita fólki sem á í fjárhagslegum greiðsluferfiðleikum endurgjaldslausu ráðgjöf. Ráðgjafarstofan veitir meðal annars aðstoð við að fá yfirsýn yfir stöðu fjármála, aðstoð við gerð greiðsluáætlana, velur úrræði og hefur milligöngu um samninga við lánardrottna, ef þess er þörf. Ráðgjafarstofan er til húsa á Hverfisgötu 6, 101 Reykjavík, sími 551 4485, grænt númer 800 4485, vefsíða www.rad.is.



11. Þjónusta Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga Íslands

Þjónustumiðstöð

Laugavegi 114, 105 Reykjavík
Afgreiðslutími frá 8.30 - 15.30
Skiptiborð opið frá 8.05 – 16.00
Símaráðgjöf opin frá 8.05 – 15.30
Grænt endurgjaldslaust númer: 800 6044
Upplýsingavefur www.tr.is
Netfang: tr@tr.is

Umboð Tryggingastofnunar og Sjúkratrygginga á sýsluskrifstofum utan Reykjavíkur

Höfuðborgarsvæðið

Garðabær, Garðatorgi 7, 210 Garðabær, sími: 565 6070
Hafnarfjörður, Bæjarhrauni 18, 220 Hafnarfjörður, sími: 565 2400
Kópavogur, Dalvegi 18, 201 Kópavogur, sími: 560 3000

Reykjanes

Reykjanesbær, Vatnsvegi 33, 230 Keflavík, sími: 420 2400

Vesturland

Akranes, Stilholti 16-18, 300 Akranes, sími: 444 0100
Borgarnes, Bjarnarbraut 2, 310 Borgarnes, sími: 433 7600
Búðardalur, Miðbraut 11, 370 Búðardalur, sími: 433 2700
Stykkishólmur, Borgarbraut 2, 340 Stykkishólmur, sími: 430 4100

Vestfirðir

Bolungarvík, Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, sími: 456 7222
Hólmavík, Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík, sími: 455 3500
Ísafjörður, Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, sími: 450 3709
Patreksfjörður, Aðalstræti 92, 450 Patreksfjörður, sími: 450 2200





Norðurland vestra

Blönduós, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduós, sími: 455 2600

Sauðárkrúkur, Suðurgötu 1, 550 Sauðárkrúkur, sími: 455 3300

Siglufjörður, Gránugötu 4-6, 580 Siglufjörður, sími: 460 3905

Norðurland eystra

Akureyri, Hafnarstræti 107, 600 Akureyri, sími: 464 6900

Húsavík, Útgarði 1, 640 Húsavík, sími: 464 1300

Ólafsfjörður, Ólafsvægi 3, 625 Fjallabyggð, sími: 460 3900

Austurland

Eskifjörður, Strandgötu 52, 735 Eskifjörður, sími: 470 6100

Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36, 780 Höfn, sími: 478 1273

Seyðisfjörður, Bjólfsgötu 7, 710 Seyðisfjörður, sími: 470 2107

Suðurland

Hvolsvöllur, Austurvegi 6, 860 Hvolsvöllur, sími: 488 4100

Selfoss, Hörðuvöllum 1, 800 Selfoss, sími: 480 1000

Vestmannaeyjar, Heiðarvegi 15, 900 Vestmannaeyjar, sími: 488 1000

Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1, 870 Vík, sími: 488 4300

